

## Heimsminjaskráin

### Upphafið

Þegar hugsað er til heimsminjaskrár UNESCO beinist athyglin oft að fagurfræðilegu gildi staðanna sem skráðir eru. Verðmæti heimsminja er hins vegar fyrst og fremst metið út frá hugmyndum um sjálfbæra þróun, upprunaleika, umhverfi, varðveislu, einkenni og sögu. Þegar minjar tengdar minningum úr sögu mannkynsins eru vegnar og metnar þarf UNESCO að mæta þeirri miklu áskorun að sameina þjóðir á áður óþekktum skala til þess að ryðja brautina í átt til friðar.

Friður byggir á friðsamlegum samskiptum milli landa, einstaklinga, samfélagshópa, milli lands og þjóðar, og milli fólks og umhverfis. Heimsminjaskrá UNESCO hjálpar okkur að skilja hinar ýmsu hliðar friðar með því að minna okkur á það mikilfenglega sköpunarverk sem náttúran og mannkynið er. Margar heimsminjanna endurspegla vonir okkar um frelsi, jafnrétti, gagnkvæman skilning og virðingu, ást og vináttu. Þessi hugtök mynda grundvallarmannréttindi okkar og eru ómissandi í friðar- og þróunarferli sem varða einstaklinga, samfélög og heiminn í heild.

Oft er sameiginlega arfleifð okkar að finna í sumum af hörmulegustu atburðum mannkynssögunnar. Friðarminnisvarði Hiroshima er dæmi um þetta. Hann var settur á heimsminjaskrá árið 1996 og er öflugt tákni um heimsfrið sem náðist í kjölfar notkunar mestu gjöreyðingarvopna sem mannkynið hefur skapað. Annað dæmi er Auschwitz, útrýmingarþúðir nasista í seinni heimsstyrjöldinni. Auschwitz var sett á heimsminjaskrá UNESCO árið 1979 til að staðfesta einstakt gildi staðarins sem áminningu um skelfilegar afleiðingar fordóma.

Aðgerðum sem ætlað er að stuðla að friði, frelsi og þróun fylgir oft barátta fyrir mannréttindum og því eru á heimsminjaskrá UNESCO sögulega mikilvægir staðir sem minna á gildi mannréttinda og lýðræðis enda þótt þeir séu byggðir á hatri. Markmiðið er að við minnumst þessara staða svo við lærum af fortíðinni og okkur auðnist að skapa friðsælli framtíð. Einnig geta staðirnir tengt fólk og hjálpað því að vinna úr áföllum fortíðar.

### Heimsminjar í hættu

UNESCO heldur lista yfir heimsminjar í hættu og er hann uppfærður reglulega. Undanfarið hafa til dæmis allar heimsminjar í Sýrlandi verið í hættu vegna stríðsátaka þar í landi. Skrá um heimsminjar í hættu má sjá [hér](#).

### Verndun heimsminja í stríði

Alls staðar þar sem meiriháttar stríðsátök eiga sér stað eru bæði náttúru- og menningarminjar í hættu. Oft er ráðist á menningarminjar viljandi í þeim tilgangi að tortíma mikilvægum táknum um sjálfsmynd þjóðar. Að náttúruminum, sérstaklega dýra- og plönturíki, getur steðjað hætta úr ýmsum áttum, til dæmis vegna sprengjuárása, umferðar hernaðarfarartækja í þjóðgörðum, eldsvoða, veiðipjófnaðar og fólksflutninga. Menningar- og náttúruminjar sem eru mikilvæg tekjulind fyrir ferðamannaíðnaðinn eru einnig æftar skotmörk í styrjöldum.

Að beina sjónum okkar að verndun náttúru- og menningarminja, í miðjum hörmungum stríðs-ástands, virðist í fyrstu forréttindi og getur orkað tvímælis að leiða hugann að slíku í þessháttar aðstæðum. Þó hefur reynslan sýnt að verndun náttúru- og menningarminja er afar mikilvæg, sérstaklega þegar minjar, sem ráðist er á, eru eða innihalda byggingar líkt og þjóðarbókasöfn, kirkjur, söfn, háskóla og aldagamlar brýr.

Það getur verið gríðarlega erfitt að vernda náttúruminjar í stríði og eyðilegging margra slíkra, vegna styrjalda í aldanna rás, staðfestir það.

Dæmi um aðgerðir á þessu sviði er Kahuzi-Biega garðurinn í fyrrum Zaire, nú Lýðveldinu Kongó. Í kjölfar stríðsins í Rwanda, á níunda áratugnum, voru fimmtíuþúsund manna flóttabúðir byggðar við garðinn, en hann er heimili sjaldgæfra fjallagórilla sem eru í útrýmingarhættu.

Svo er UNESCO, flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna, hjálparstofnun Þýskalands (GTZ), og fjármangaðstoð frá Heimsminjasjóði fyrir að þakka, að flóttamannabúðirnar voru fluttar á stað sem hentaði betur.